



Borgarráð Reykjavíkur
Ráðhúsinu
101 Reykjavík

Erindi: Umsögn endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar um undirbúning að gerð fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar 2016-2020.

Endurskoðunarnefnd fer yfir fjárhagslegar upplýsingar og fyrirkomulag upplýsingagjafar frá stjórnendum eins og fram kemur í 4. gr. samþykktar nefndarinnar. Í samræmi við það hefur nefndin talið rétt að fara yfir vinnuferli við undirbúning og framkvæmd við gerð fjárhagsáætlunar.

Nefndin hefur óskað eftir upplýsingum og kynningu á því ferli sem liggur til grundvallar að gerð fjárhagsáætlunar hjá Reykjavíkurborg og þar með þeim reglum sem kveða á um markmið, ábyrgð og framkvæmd fjárhagsáætlunarinnar. Meðal þeirra gagna sem nefndin hefur fengið til skoðunar eru:

- Reglur um gerð fjárhagsáætlunar hjá Reykjavíkurborg FMS-STE-001
- Verklagsreglur fjármálaskrifstofu, FMS-VLR-018
- Flæðirit fjármálaskrifstofu sem sýnir ábyrgð, markmið og gildissvið
- Erindi fjármálaskrifstofu til stjórnenda í A-hluta og B-hluta fyrirtækja með upplýsingum og leiðbeiningum
- Tíma- og verkáætlun vegna undirbúnings og afgreiðslu fjárhagsáætlunar

Þessi gögn voru yfirfarin og kynnt fyrir nefndinni á fundi nefndarinnar með fjármálastjóra og skrifstofustjóra fjármála þar sem farið var yfir verklag fjárhagsáætlunarinnar.

Þau gögn sem nefndin hefur haft til skoðunar bera með sér að vandað er til alls undirbúnings við gerð fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar og stöðugt er unnið að endurbótum á þeim verklagsreglum og leiðbeiningum sem lagðar eru til grundvallar í vinnuferlinu.

Niðurstaða endurskoðunarnefndar af skoðun þeirra gagna sem hún hafði til umfjöllunar og þeim upplýsingum sem fram komu á fundi með fjármálastjóra, er sú að ekkert bendir til annars en að vel hafi verið staðið að gerð fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar fyrir tímabilið 2016-2020.

Reykjavík, 27. október 2015

f.h. endurskoðunarnefndar

Ólafur Kristinsson, formaður nefndarinnar